

Nautgripæræktarfélag Íslands. Lundi, 311 Borgarnes. Sími 435 1417. Netfang: lundur@aknet.is

Landbúnaðarnefnd Alþingis.

Frá Nautgripæræktarfélagi Íslands.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um verndun íslensku mjólkurkýrinnar.

Nautgripæræktarfélag Íslands hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um vernd íslensku mjólkurkýrinnar og vill í því sambandi koma á framfæri nokkrum ábendingum og athugasemdum.

NRFÍ tekur undir það megin sjónarmið að vernda beri íslensku mjólkurkúna, lítur félagið á það sem menningarlega skyldu auk þess sem íslenska ríkið er skuldbundið til þess samkvæmt Ríó-sáttmálanum. Til þes er nauðsynlegt að unnin verði sérstök verndaráætlun. Í því sambandi ber að líta til þess hvaða hættur kunna að steðja að íslenska kúakyninu.

Stóraukinn innflutningur mjólkurafurða.

Innflutningur mjólkurafurða er leyfður samkvæmt WTO-samningnum en traust markaðsstaða innlendu framleiðslunnar byggist alfarið á tollvernd og stuðningi í formi beingreiðslna. Nú er í gangi ný lota WTO-viðræðna og er yfirlýst markmið hennar að lækka innanlandsstuðning og draga úr tollvernd. Í ljósi þess hversu lítill verðmunur er nú þegar á innfluttum mjólkurafurðum með tollum og innlendri framleiðslu er ljóst að verulega verðlækkun kann að vera nauðsynleg á innlendu framleiðslunni til að standast samkeppni erlendis frá í framtíðinni, e.t.v. meiri en innlenda framleiðslan ræður við. Að vissu marki kann hreinleika- og hollustuímynd innlendu framleiðslunnar að hjálpa til en ekki til að mæta verulegum verðmun. Þá er ljóst að allur samdrátt á framleiðslunni veldur því að sú framleiðsla sem eftir stendur verður dýrari.

Innflutningur nýs mjólkurkúakyns.

Verulegur áhugi er fyrir hendi á að flytja inn annað kúakyn. Tilgangurinn er sá að lækka framleiðslukostnað og gera mjólkurframleiðsluna betur í stakk búna til að mæta samkeppni erlendis frá. Í því sambandi er vert að benda á að hreinleiki afurðanna er ekki háður því hvaða kúakyn er notað í framleiðslunni. Umsagnir um innflutning m.a. frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Hagþjónustu landbúnaðarins benda til þess að verulega hagkvæmni megi sækja til annarra mjólkurkúakynja. Því er ljóst að búast má við að íslenska kúakynið verði undir í samkeppni við erlend kúakyn. Þótt yfirvöld standi enn í vegi fyrir innflutningi er ekki ljóst hversu lengi það muni vara, m.a. vegna aljóðasamninga. Þá liggur fyrir að verði af inngöngu Íslands í ESB, sem sterk öfl tala fyrir, hefur það í för með sér að innflutningur annarra kynja verður leyfður.

Sjúkdómahætta.

Fyrir hendi er stöðug hættu á að næmir smitsjúkdómar berist til landsins. Ekki síst stafar sú hættu af vaxandi innflutningi matvæla. Þá er vert að minna á að sjúkdómar geta borist með fólki, þannig hefur hringskyrfi borist til landsins og allar líkur benda til að hrossapest sem lék hestamenn grátt fyrir nokkrum árum hafi borist með fólki eða farangri þess. Hins vegar eru ekki þekkt nein dæmi þess að smit hafi borist milli landa með fósturvísu þótt árlega séu tugir þúsunda af þeim fluttir milli landa með mun minni varúðarráðstöfunum en hérlendis eru gerðar.

Í ljósi þess sem að framan segir leggur NRFÍ til að gerð verði verndaráætlun fyrir íslenska kúakynið sem m.a. taki til eftirfarandi þátta:

1. Metið verði hver sé lágmarks stofnstærð til að halda kyninu við.
2. Gert verði grein fyrir þeim aðferðum sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir of mikla skyldleikarækt við þá stofnstærð.
3. Lagðar fram hugmyndir um hvernig koma skuli hinum verndaða stofni fyrir.
4. Athugandi er hvort jafnframt beri að varðveita fósturvísu til nota síðar, t.d. ef smitsjúkdómar hafa leikið stofninn grátt.

Río-sáttmálinn fjallar um verndun líffræðilegs fjölbreytileika. Í því sambandi er vert að velta fyrir sér hvort markmið hans eru uppfyllt með tilvist kúakyns sem allt tekur breytingum vegna kynbóta. Allar kynbætur hafa í för með sér að erfðavísar tapast og gripirnir verða einsleitari (það er beinlínis markmið með kynbótunum). Þannig minnkar hinn líffræðilegi fjölbreytileiki. Það sker líka í augu að í greinargerð með tillögunni um verndun íslensku kýrinnar, þar sem talsvert er fjallað um Río-sáttmálann, kemur fram tillaga um að útrýma tilteknum erfðavísi úr íslensku kúnni. Slík uppástunga hlýtur að stríða gegn Río-sáttmálanum, enda kunna menn að líta á þann erfðavísi sem auðlind síðar meir þegar meira verður vitað um verkun hans.

Lundi, 30. maí 2002, fyrir hönd Nautgripærktarfélags Íslands,

Jón Gíslason.